

# SKIMUN FYRIR LEGHÁLSKRABBAMEINI

---

Heilsugæslunni hefur verið falin framkvæmd skimunar fyrir krabbameini í leghálsi frá 1. janúar 2021. Konur á aldrinum 23-29 ára fá boð um skimun á 3 ára fresti og konur á aldrinum 30-59 ára á 5 ára fresti. Sjá nánar [bækling frá Embætti landlæknis](#).

Við fyrstu komu í mæðravernd er rétt að kanna hvenær leghálsstrok var tekið síðast og fylgja skimunarleiðbeiningum Embættis Landlæknis.

Almenna reglan nú er að bíða með strok þar til 6-8 vikum eftir fæðingu.

Ef kona er í sérstöku eftirliti og kominn tími til eftirlits eða kona sem hefur aldrei mætt í ráðgerðar skimanir er ráðlagt að bjóða tíma í leghálsstrok.

Ef barnshafandi kona fær boð um speglun og sýnatöku frá leghálsi er haft samráð við [Samhæfingarstöð krabbameinsskimana \(heilsugaeslan.is\)](#)